

Hjörleifur Valsson (f. 1970) lauk einleikarprófi frá tónlistarháskólanum í Ósló árið 1993 og hlaut þá styrk frá tékkneska ríkinu til náms við Prag konservatoríið. Þar nam hann fiðluleik og kammertónlist í þrjú ár, auk þess að leika með ýmsum kammerhópum og hljómsveitum þar í borg. Hjörleifur lauk Dipl. Mus. gráðu frá Folkwang Hochschule í Essen sumarið 2000. Á námsárum sínum í mið-evrópu sótti hann námskeið hjá Grigorij Zhislin, Truls Mörk, Pierre Amoyal, Sergej Stadler, Pavel Gililov o.fl. Hann hefur komið fram á fjölda tónleika víða um Evrópu, samið og útsett tónlist fyrir leikhús og tekið þátt í upptökum fyrir útvarp, sjónvarp, kvikmyndir og hljómplötuútgáfur. Hjörleifur starfar nú sem fiðluleikari á Íslandi og kennir fiðluleik við tónlistarskóla Hafnarfjarðar.

Tatu Kantomaa (f. 1974 í Finnlandi) nam fyrst hjá Veikko Ahvenainen og síðar hjá Viktor Kouzovlew við tónlistarskólann í Jyväskylä. Tatu hefur haldið fjölda tónleika frá 11 ára aldri, meðal annars í Bandaríkjunum, Japan, Þýskalandi, Austurríki, Ítalíu, Svíþjóð, Noregi, Finnlandi og á Íslandi. Hann hefur komið fram í útvarpi og sjónvarpi, spilað í leikhúsi og gefið út nokkra geisladiska. Tatu hefur búið á Íslandi með hléum frá 1996 þar sem hann hefur bæði kennt og spilað á harmóníku. Í nóvember 2001 flutti Tatu aftur til Íslands frá Þýskalandi þar sem hann var við nám hjá Elsbeth Moser í Hochschule für Musik und Theater í Hannover. Þar lék hann einnig finnska tangótónlist með samlanda sínum Harri Kaitila, tenórsöngvara í Þýskalandi. Tatu hefur leikið með Caput-hópnum og hljómsveitinni Rússíbönnum.

Kristinn H. Árnason (f. 1963) lauk burtfararprófi frá tónskóla Sigursveins 1983. Kennarar hans þar voru Gunnar H. Jónsson og Joseph Fung. Kristinn lauk B.M. gráðu frá Manhattan School of Music þar sem kennari hans var Nicolas Goluses. Á námsárum sínum lék Kristinn m.a. fyrir Hans Werner Henze, Manuel Barnaeco og á síðasta námskeiðinu sem Andrés Segovia hélt. Kristinn hefur haldið fjölda tónleika á Íslandi, Ítalíu, Bandaríkjunum, Noregi, Danmörku, í Wigmore Hall í London og kammersal Consertgebouw í Amsterdam. Hann var tilnefndur til menningarverðlauna Dagblaðsins 1995. Diskur hans með verkum eftir Sor og Ponce hlaut íslensku tónlistarverðlaunin í flokki klassískra hljómdiska 1997.

*Kaffistofa safnsins er opin að tónleikum loknum
The cafeteria is open after the concert*

Sumartónleikar í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Hjörleifur Valsson

fiðla

Tatu Kantomaa

harmonika

Kristinn H. Árnason

gítar



Þriðjudaginn 22. júní 2004 kl. 20:30

Efnisskrá

Tékkneska tónskáldið **Václav Trojan** er þekktastur fyrir tónlist sína við brúðumyndir Jiří Trnka, og hlaut meira en áttatíu alþjóðleg verðlaun á sínum tíma á kvikmyndahátíðum víða um heim. Hann samdi einnig barnaóperu, hljómsveitarverk og kammertónlist, en einnig nokkur kammerverk fyrir óvenjulega hljóðfæraskipan (s.s. harmóniku og píanó, fiðlu, gítar og harmóniku) og eru þau gjarnan byggð á þjóðsögum og ævintýrum. Af slíkum verkum má nefna verkið *Ævintýrið* fyrir harmóniku og hljómsveit og svíturarnar *Prins Bajaja* og *Næturgali keisarans*.

Árið 1948 frumsýndi Jiří Trnka kvikmyndina *Næturgali keisarans* (Císařův slavík) við tónlist V. Trojan. Þetta er brúðumynd í fullri lengd, byggð á ævintýri H.C. Andersen og fjallar um kínverskan keisara sem lifir í höll sinni, fjarlægt raunveruleika og lífsbaráttu almúgans. Í túlkun Trnka hrífst keisarinn af söng næturgalans sem syngur í skóginum og hann sendir þjóna sína til að veiða þennan fagra fugl í þeim tilgangi að hafa í búri í einum af sölum sínum. En þegar þjónunum tekst ekki að ná fuglinum færa þeir honum upp-trekkta næturgala (spiladós) sem spilar í hvert sinn sem keisarinn óskar þess. En dag nokkurn bilar næturgalinn upptrekkti og keisarinn leggst í rúmið, heltekinn af sorg og er vart hugað líf, en þá skyndilega, þegar dauðinn situr við dyraþrepinn, kemur raunverulegi næturgalinn og lokkar dauðann burt með söng sínum og keisarinn nær heilsu á ný.

Í myndinni er enginn sögumaður og persónurnar tala ekki, heldur túlkar tónlist Trojan framvindu sögunnar ásamt hinum þöglu leikbrúðum.

Sextán árum eftir frumsýningu brúðumyndarinnar skrifaði Trojan svítu í tíu þáttum fyrir fiðlu, gítar og harmóniku sem byggð er á þessari umræddu tónlist og fylgir jafnframt söguþræðinum í megindráttum. Svítan hefst á kynningu og stemmningu sem gæti verið morgunn í kínverskri sveit. Fyrstu geislar sólar skína á fjallstindana og hægt og rólega færast líf yfir byggðina. Verkafólkið gengur á hrísgrjónaakrana og pósturinn blístrar stef sem allir þorpsbúar þekkja. Næturgalinn flýgur hjá keisarahöllinni, sest í tré og syngur. Keisarinn fer á fætur og hinar hefðbundnu keisaralegu serimóníur hefjast. Þannig er áheyrandi leiddur í gegnum söguna. Verkið er sérlega vel skrifað fyrir öll þrjú hljóðfærin og krefst mikillar kunnáttu hljóðfæraleikaranna og góðs samspils. Það hefur ekki verið flutt í heild sinni hér á landi áður.

Reijo Kumpulainen f. 1978	Unen utuisessa maassa (2001) <i>Í landi draums og móðu</i> fyrir fiðlu, gítar og harmóniku útsetning: Tatu Kantomaa
Nikita Koshkin f. 1956	Draumur Merlins (1984) fyrir einleiksgítar
Omiros Vangelis 1902 – 2003	Zvíra voda (1961) <i>Tilbrigði um serbneskt þjóðlag</i> fyrir einleiksfiðlu
Jukka Tiensuu f. 1948	Fantango (1984) fyrir einleiksharmóniku
Václav Trojan 1907 – 1983	Císařův slavík (1966) <i>Næturgali keisarans</i> fyrir fiðlu, gítar og harmóniku Frásögnin hefst <i>Moderato semplice</i> Kínverskt landslag <i>Andante-Allegretto moderato</i> Tónleikar næturgalans <i>Tempo rubato-Adagio tranquillo e dolce</i> Kínverskur póstur <i>Allegro vivace</i> Hinir keisaralegur svanir <i>Larghetto</i> Keisarinn klæðist með viðhöfn <i>Allegretto (attacca)</i> Inngöngumars keisarans <i>Maestoso largamente</i> Upptrekkti næturgalinn <i>Allegretto</i> Keisarinn veikist <i>Adagio cantabile-Dolce tranquillo e innocente</i> Keisarinn tekur gleði sína á ný og er margs vísari <i>Allegro moderato-Tempo di menuetto-Vivace</i>